

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 22. júlí 1974

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hunang

(74/409/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna er orðið „hunang“ skilgreint, mismunandi tegundir þess ákvarðaðar, settar kröfur sem varan verður að uppfylla og um upplýsingar sem koma eiga fram á umbúðunum eða merkimiðunum.

Ósamræmið í þessum lögum milli ríkjanna hindrar frjálsa flutninga þessarar vöru og kann að leiða til óréttmætra samkeppnisskilyrða.

Því er nauðsynlegt að skilgreina orðið „hunang“ innan bandalagsins, setja ákvæði um mismunandi tegundir sem heimilt er að markaðssetja með tilheyrandi heitum, ákveða almenn og sérstök samsetningarskilyrði og mæla fyrir um helstu upplýsingar sem eiga að koma fram á merkimiðum.

Val á aðferðum við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með samsetningu og einkennum hunangs eru tæknilegar framkvæmdaráðstafanir og til að einfalda og hraða málsmeðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja þær.

Í öllum tilvikum þegar ráðið veitir framkvæmdastjórninni heimild til að koma reglum um matvæli í framkvæmd ber að kveða á um hvernig koma skuli á nánu samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 69/414/EBE ⁽¹⁾.

Í ákvæðum 3. gr. þessarar tilskipunar er bannað að nota orðið „hunang“ um vörur sem ekki eru í samræmi við skil-

greininguna í 1. mgr. 1. gr. Ef þetta bann kæmi tafarlaust til framkvæmda gæti það þó valdið röskun á markaðinum þar sem notkun á heitunum „Kunsthonig“ eða „Kunsthonning“ er leyfð samkvæmt áður gildandi landslögum til að lýsa annarri vöru en hunangi. Síðar ber að setja ákvæði um hæfilegt aðlögunartímabil svo gera megi nauðsynlegar breytingar.

Þar til almennar bandalagsreglur um merkingu á matvælum hafa verið samþykktar ber að viðhalda til bráðabirgða tilteknum ákvæðum í landslögum.

Sem stendur er hunang með mismunandi greiningareiginleikum á markaðinum í tilteknum aðildarríkjum. Svo virðist sem erfitt sé að beita öllum þeim skilyrðum sem sett eru í viðauka við þessa tilskipun um þær allar. En nákvæmari rannsókn mun gera kleift að endurmeta aðstæður síðar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari tilskipun merkir „hunang“ matvæli sem hunangsflugur framleiða úr hunangslegi blóma eða úr seyti úr lifandi hlutum jurta eða sem finnst á þeim og býflugur safna, umbreyta, binda sérstökum eigin efnum, geyma og láta þroskast í vaxkökum. Þessi matvæli geta verið fljótandi, í föstu formi eða kristölluð.

2. Helstu gerðir hunangs eru:

a) **samkvæmt uppruna:**

blómahunang:

hunang aðallega fengið úr hunangslegi blóma;

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

daggarhunang:

hunang aðallega fengið úr seyti úr lifandi hlutum jurta eða sem finnst á þeim; litur þess getur verið breytilegur, allt frá ljós- eða brúngrænum lit í það að vera nærri svartur;

b) **samkvæmt vinnslumáta***vaxkökuhunang:*

hunang sem býflugur safna í hólf nýbyggðra lirfulausra vaxkaka og er selt í lokuðum vaxkökum heilum eða í stykkjum;

vaxökustykki:

hunang sem í er eitt eða fleiri vaxökustykki;

hunang fengið með dreypli:

hunang fengið með því að láta dreypta af opnum lirfulausum vaxkökum;

hunang fengið með aðskiljun:

hunang fengið með því að skilja í skilvindu opnar lirfulausar vaxkökur;

pressað hunang:

hunang fengið með því að pressa lirfulausar vaxkökur við vægan eða engan hita.

2. gr.

Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að einungis sé heimilt að hafa hunang til sölu ef það er í samræmi við þær skilgreiningar og reglur sem settar eru í þessari tilskipun og viðauka við hana.

3. gr.

1. Orðið „hunang“ á eingöngu við um þær vörur sem skilgreindar eru í 1. mgr. 1. gr. og skylt er að nota það í viðskiptum til auðkenningar, samanber þó ákvæðin í a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 7. gr.

2. Heitin sem um getur í 2. mgr. 1. gr. eiga eingöngu við um þær vörur sem þar eru skilgreindar.

4. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. er heimilt að halda áfram að nota heitin „Kunsthonning“ og „Kunsthonig“ í Danmörku og í

Þýskalandi í fimm ár frá birtingu þessarar tilskipunar til að merkja vöru aðra en hunang, í samræmi við ákvæði í landslögum sem gilda um þessa vöru þegar þessi tilskipun er birt.

5. gr.

Óheimilt er að bæta annarri afurð en hunangi út í hunang sem er til sölu sem slíkt.

6. gr.

1. Þegar hunang er markaðssett verður það að samrýmast þeim samsetningarskilyrðum sem talin eru upp í viðaukanum.

Þrátt fyrir ákvæði annars undirliðar 2. mgr. í viðaukanum er aðildarríkjunum heimilt að leyfa á eigin yfirráðasvæði:

- a) markaðssetningu á beitiylngshunangi með 25% hámarksrakainnihaldi, svo fremi sem þetta magn sé til komið við eðlileg framleiðsluskilyrði,
- b) markaðssetningu á „bökunarhunangi“ eða „iðnaðarhunangi“ með 25% hámarksrakainnihaldi, svo fremi sem þetta magn sé til komið við eðlileg framleiðsluskilyrði.

2. Enn fremur:

- a) skal hunang, að því marki sem slíkt er framkvæmanlegt, vera án lífrænna eða ólífrænna efna sem ekki tilheyra samsetningu þess, svo sem myglu, skordýra, skordýraleifa, lirfa eða sandkorna, þegar það er markaðssett sem slíkt eða notað í matvæli hvers kyns;
- b) hunangið má ekki:
 - i) vera með framandi bragði eða lykt;
 - ii) vera byrjað að gerjast eða freyða;
 - iii) hafa verið hitað að því marki að náttúrlegir hvatar þess hafi verið eyðilagðir eða gerðir óvirkir;
 - iv) hafa tekið óeðlilegum súrleikabreytingum;
- c) hunangið má ekki undir neinum kringumstæðum innihalda efni í svo miklum mæli að heilsu manna stafi hætta af.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er heimilt að markaðssetja hunang sem „bökunarhunang“ eða „iðnaðarhunang“, jafn-

vel þótt það hæfi til manneðis, ef

- a) það uppfyllir ekki kröfurnar sem um getur í i-, ii-, iii-lið b-liðar 2. mgr.;
- b) virkni díastasa eða hýdroxímetylfurfuralinnihald er ekki í samræmi við forskriftirnar í viðaukanum.

Þó er aðildarríki heimilt, í þeim tilvikum sem um getur í b-lið, að láta hjá líða að gera skylt að nota þetta heiti og leyfa að orðið „hunang“ sé notað. Innan fimm ára frá birtingu þessarar tilskipunar skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, gera ráðstafanir til að setja nákvæmlega eins tækniforskriftir alls staðar í bandalaginu.

7. gr.

1. Einu upplýsingarnar sem skylt er að setja á umbúðir, flát eða merkimiða fyrir hunang eru eftirfarandi upplýsingar og skulu þær vera áberandi, auðlæsilegar og óafmáanlegar:

- a) orðið „hunang“ eða eitt þeirra heita sem talin eru upp í 2. mgr. 1. gr.; „vaxkökahunang“ og „vaxkökustykki“ skulu auðkennd sem slík; í tilvikum sem um getur í b-lið í annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr. og í fyrstu undirgrein 3. mgr. 6. gr. skal heiti vörunnar vera „böknarhunang“ eða „iðnaðarhunang“;
- b) nettóþyngd gefin upp í grömmum eða kílógrömmum;
- c) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang eða skráð skrifstofa framleiðanda eða pökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að heitið „daggarhunang“ sé notað á eigin yfirráðasvæði um hunang sem er aðallega úr daggarhunangi með skynræna, eðlisefnafræðilega og útlitslega (fengið með smásjárskoðun) eiginleika slíks hunangs og er ekki merkt með sérstakri ábendingu um plöntuuppruna, svo sem t.d. „furuhunang“.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda ákvæðum í landslögum þar sem krafist er ábendingar um upprunaland. Ekki er lengur heimilt að krefjast þessara upplýsinga fyrir hunang upprunnið í bandalaginu.

4. Við orðið „hunang“ samkvæmt a-lið 1. mgr. eða eitt þeirra heita sem um getur í 2. mgr. 1. gr. er heimilt að bæta við meðal annars:

- a) tilvísun til uppruna, hvort sem um blóm eða jurtt er að ræða, svo fremi sem framleiðsluvaran sé aðallega upprunnin frá þeim stað sem tiltekinn er og hafi viðeigandi skynræna, eðlisefnafræðilega og útlitslega eiginleika (fengið með smásjárskoðun);
- b) héraðs-, lands- eða staðarnafni, að því tilskildu að framleiðsluvaran sé að öllu leyti upprunnin á hinu tilgreinda svæði.

5. Ef hunangi er pakkað í umbúðir eða flát að nettóþyngd sem er 10 kg eða meira og er ekki selt í smásölu er heimilt að upplýsingarnar sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. komi aðeins fram í fylgiskjölunum.

6. Aðildarríki skulu forðast að setja nánari reglur en þær sem mælt er fyrir um í 1. mgr. um hvernig skuli veita upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein. Þó er aðildarríkjunum heimilt að banna viðskipti á yfirráðasvæði sínu með vörur ef merkingarnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. eru ekki settar á eina hlið umbúðanna eða ílátsins á tungumáli eða tungumálum landsins.

7. Allt til loka aðlögunartímabilsins, á meðan leyft er að nota breskar mælieiningar, samanber II. viðauka við tilskipun ráðsins 71/354/EBE ⁽¹⁾ frá 18. október 1971 um mælieiningar sem heimilt er að nota í bandalaginu, geta aðildarríkin krafist þess að þyngdin sé einnig gefin upp í breskum mælieiningum.

8. Ákvæði 1. – 7. mgr. gilda með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið setur um merkingu.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðskipti með vörur sem um getur í 1. gr. og sem eru í samræmi við skilgreiningar og reglur í þessari tilskipun og I. viðauka við hana verði ekki hindruð með beitingu ósamhæfðra ákvæða í landslögum um samsetningu, framleiðsluforskriftir, umbúðir eða merkingu á þessum vörum sérstaklega, eða matvælum almennt.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ósamhæfð ákvæði landslaga sem sett eru til þess að:

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 243, 29. 10. 1971, bls. 29.

- vernda almannahelbrigði,
- koma í veg fyrir misferli, ef þau ákvæði hindra ekki að skilgreiningum og reglum sem kveðið er á um í tilskipun þessari sé beitt,
- vernda einkaréttindi á sviði iðnaðar og viðskipta ásamt upplýsingum um uppruna, svo og upprunaheiti og til að koma í veg fyrir óheiðarlega samkeppni.

9. gr.

Aðferðir við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru við eftirlit með samsetningu og einkennum hunangs skulu ákvarðaðar í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr.

10. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferðinni í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 (hér á eftir kölluð „nefndin“) að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fyrir ráðið tillögur um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmda-

stjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

11. gr.

Ákvæði 10. gr. gilda í átján mánuði frá þeim degi að málinu var fyrst vísað til nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 10. gr.

12. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum er varða þyngdarskala sem miða skal við þegar hunang er markaðssett. Ráðið skal samþykkja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, viðeigandi ráðstafanir innan bandalagsins fyrir 1. janúar 1979.

13. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um framleiðsluvörur sem ætlaðar eru til útflutnings til landa utan bandalagsins.

14. gr.

Aðildarríkin skulu, ef þörf krefur, innan eins árs frá birtingu þessarar tilskipunar, breyta lögum sínum í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau lög sem þannig er breytt gilda um vörur sem eru til sölu í aðildarríkjunum í tvö ár eftir birtingu þessarar tilskipunar.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna. Gjört í Brussel

22. júlí 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

J. SAUVAGNARGUES

forseti.

VIDAUKI

SAMSETNINGARSKILYRÐI FYRIR HUNANG

1. Greinilegt afoxandi sykurinnihald, reiknað sem invertsykur

- Blómahunang ekki minna en 65%
- Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi ekki minna en 60%

2. Rakainnihald

- Almennt ekki meira en 21%
- Beitilyngshunang (*Calluna*) og smárahunang (*Trifolium* sp.) ekki meira en 23%

3. Greinilegt súkrósainnihald

- Almennt ekki meira en 5%
- Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi, akasíu-, lofnarblóma- og banksíamensiesiihunangi ekki meira en 10%

4. Innihald vatnsóleysanlegra efna

- Almennt ekki meira en 0,1%
- Pressað hunang ekki meira en 0,5%

5. Steinefnainnihald (aska)

- Almennt ekki meira en 0,6%
- Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi ekki meira en 1%

6. Súrleiki

ekki meira en 40 millíjafngildi síru fyrir hvert kg

7. Virkni díastasa og hýdroxímetylfurfuralinnihald (HMF) ákvarðað eftir vinnslu og blöndun

a) Virkni díastasa (*Schade*-kvarði)

- Almennt ekki minna en 8%
- Hunang með lágu náttúrulegu hvatainnihaldi (t.d sítrushunang) og með HMF-innihaldi sem er ekki meira en 15 mg/kg ekki minna en 3

b) HMF

ekki meira en 40 mg/kg (með fyrirvara um ákvæði annars undirliðar í a-lið)